

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 187/1991. **Bjarni Jónasson**

(sjálfur)

gegn

Arnmundi Þorbjörnssyni

(Jón Hjaltason hrl.)

og gagnsök.

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla. Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1991. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. júní 1991, en áfrýjunarstefna var birt honum 21. maí sama ár. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur aðaláfrýjandi höfðað vegna ummæla í garð hans í blaðagrein, sem gagnáfrýjandi ritaði undir nafni í bæjarblaðið Fréttir í Vestmannaeyjum, er út kom 2. febrúar 1988. Grein þessi varðaði starf aðaláfrýjanda hjá Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, Kertaverksmiðjunni Heimaey, en aðaláfrýjandi var þar ráðinn framkvæmdastjóri full fjögur ár, frá byrjun febrúar 1984 til loka janúar 1988. Gagnáfrýjandi átti sæti í stjórn stofnunarinnar á þessum tíma. Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi átelur, hefur hann tiltekið í 17 töluliðum í I. kafla héraðsstefnu, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, þar sem málavöxtum er einnig lýst.

Staðfesta ber það álit héraðsdómara, að málið sé of seint höfðað sem refsímál, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og sök vegna hinna átöldu ummæla er fyrnd á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 81. gr. sömu laga. Auk þess sem refsing á hendur gagnáfrýjanda kemur ekki til álita af þessum sökum er ekki unnt

að beita hann þeim viðurlögum, sem um er mælt í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í málinu, sbr. ákvæði 6. mgr. 82. gr. laganna. Af þeim ákvæðum verður sú ályktun dregin á hinn bóginn, að aðaláfrýjandi geti komið fram dómkröfum um ómerkingu á ummælum samkvæmt 1. mgr. 241. gr. og um bætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laganna.

Gagnáfrýjandi kveður blaðagrein sína ritaða til svars við grein þeirri, er aðaláfrýjandi birti í vikublaðinu Dagskrá í Vestmannaeyjum 29. janúar 1988. Sú grein fjallaði að meginefni um vörumerki það, sem aðaláfrýjandi hannaði fyrir stofnunina, en lýsti einnig gagnrýni á stjórn hennar. Fallast verður á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi seilst lengra í svarinu en efni voru gefin til. Á þetta einkum við um orð hans í upphafi og niðurlagi blaðagreinarinnar, þar sem vegið er að starfsheiðri og hæfileikum aðaláfrýjanda með meiðandi hætti.

Meðal þeirra átelur aðaláfrýjandi eftirfarandi ummæli, er varða ráðningu hans í starf framkvæmdastjóra: Í lið I.1: „... en þegar menn fengu að vita, hvað ríkið vildi greiða í laun, hættu allir við nema Bjarni ...“ Í lið I.15: „Já, það var mikið lánleysi, að við skyldum sitja uppi með einn umsækjanda og áttum ekki annarra kosta vöð.“ Þessi ummæli verður að telja tilhæfulaus að því leyti, sem þau beinast gegn aðaláfrýjanda, þar sem nægilega er upplýst, að þeir eða fjórir aðrir umsækjendur hafi enn haft áhuga á starfinu, þegar ráðningin var ákveðin. Í þeim felst refsiverð aðdróttun samkvæmt 235. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin eru óviðurkvæmileg, og ber að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna eftir kröfu aðaláfrýjanda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um ómerkingu átalinna ummæla í lið I.17 í kröfugerð aðaláfrýjanda.

Önnur átalinn ummæli mega teljast innan marka þess, sem hafa mátti uppi að ósekju í svari til aðaláfrýjanda á opinberum vettvangi, eins og niðurstaða hins áfrýjaða dóms bendir til.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, á aðaláfrýjandi rétt til miskabóta á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og ber að virða þær á sömu forsendum og gert var í hinum áfrýjaða dómi.

Þykja þær hæfilega ákveðnar 40.000 krónur, er gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda með vöxtum frá 6. febrúar 1990, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Arnmundur Þorbjörnsson, á að vera sýkn af refsikröfu aðaláfrýjanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu og kröfu hans um greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu.

Ummæli þau, sem fyrr eru greind samkvæmt tilfærslu í liðum 1, 15 og 17 í I. kafla stefnu í héraði, eiga að vera dauð og ómerk.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 40.000 krónur í miskabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 6. febrúar 1990 til uppsögudags dóms þessa auk vaxta-vaxta, sem leggja má við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. febrúar 1991, en frá dómsuppsögudegi greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. febrúar 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað hér fyrir dómnum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, á hendur Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, Brimhólabraut 6, Vestmannaeyjum.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, gerði við munnlegan málflutning eftirfarandi dómkröfur:

Að stefndi, Arnmundur, yrði dæmdur til refsingar.

Átalinn ummæli stefnda, sem stefnandi tilgreindi sérstaklega í stefnu undir

liðnum I, sbr. einnig dskj. 36, og fara hér á eftir, yrðu dæmd dauð og ómerk:

1.,...en þegar menn fengu að vita, hvað ríkið vildi greiða í laun, hættu allir við nema Bjarni....“.

2.,...enda stóðu í umsókn hans engar kaupkröfur, enginn vandi að semja um kaupið“.

3.,Ég get sagt frá því núna, að það var engin sérstök hrifning hjá sumum, þegar við samþykktum ráðningu Bjarna.“

4.,...sem stjórnin notaði við bréfaskipti við danska fyrirtækið Scankey“.

5.,Þá varð Bjarni vondur og sagði“.

6.,Svo segir Bjarni, að stjórnin hafi átt að láta skrásetja merkið...“

7.,Hann verður strax hinn verstí og hendir ýmsum stóryrðum í mig...“

8., „Það eru fúskarar,“ sagði Bjarni þá.“

9.,Ég held, að fleirum í stjórn VVV hafi fundist eins og mér, að þetta væru vinnubrögð, sem ekki væri hægt að hrópa húrra fyrir.“

10.,Finnst fólki þetta vera vinnubrögð til fyrirmyndar?“

11.,Áfram hélt þetta mál að þvælast fyrir okkur á fundum...“

12.,Þetta voru margir litir, svo að varla hefur Sonja búist við, að þetta væri allt á lager.“

13., En það er annað verra, sem er í bréfinu frá Sonju og Bjarni nefnir ekki og er alvarlegt mál.“

14.,Hún kvartar um það, að hluti af sendingunni, sem hún fékk síðast, hafi verið gallaður eða ekki staðist eins og það hefði átt að gera.“

15.,Já, það var mikið lánleysi, að við skyldum sitja uppi með einn umsækjanda og áttum ekki annarra kosta vöð.“

16.,Þú ert búinn að segja hér á mínum vinnustað, svo að margir heyrðu, að þú skyldir sjá til þess, að ég þyrfti að mæta hjá ríkissaksóknara....“

17.,Þar hef ég aldrei komið, svo að það verður nýtt fyrir mig, en *þú kannast við þennan stað*.“

Að stefnda, Arnmundi Þorbjörnssyni, verði gert að greiða stefnanda fjárhæð, 70.000 kr., til að standa straum af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendu, í opinberu blaði, einu eða fleirum.

Að stefndi, Arnmundur, verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, 150.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1988 til greiðsludags.

Að stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, verði loks dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Að hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að

greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk dráttarvaxta af málskostnaði skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar, en reynst jafnan árangurslausar.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur. Af hálfu dómarans var gætt leiðbeiningarskyldu.

II.

Málsatvik.

Í rúmlega þrjú ár var stefnandi framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, sem rekur Kertaverksmiðjuna Heimaey í húsinu nr. 46 við Faxastíg hér í bæ. Seinni hluta árs 1987 sagði stjórn VVV stefnanda upp störfum með umsömdum þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóvember 1987. Stefnandi hætti því störfum hjá VVV 31. janúar 1988. Á fyrri hluta starfstíma stefnanda mun danska ráðgjafarfyrirtækið Scankey hafa verið ráðgefandi aðili um kaup á tækjum og kertaframleiðslu. Hið danska ráðgjafarfyrirtæki mun hafa lagt áherslu á, að nauðsynlegt væri fyrir Kertaverksmiðjuna Heimaey að hafa vörumerki til að kynna, markaðssetja og selja vöru sína og æskilegt væri, að slíkt vörumerki minnti á Heimaeyjar-gosið. Áður en stefnandi hóf störf hjá VVV, höfðu tveir meðlimir framkvæmdastjórnar VVV hannað vörumerki til auðkenningar á framleiðslu fyrirhugaðrar verksmiðju, og fékkst merkið samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar síðari hluta árs 1983.

Verndaður vinnustaður, Vestmannaeyjum, hóf framleiðslu á kertum, nokkru eftir að stefnandi tók þar til starfa. Fljótlega mun stefnandi hafa bent stjórn VVV á, að það vörumerki, sem framkvæmdastjórnin hafði á sínum tíma samþykkt, uppfyllti ekki áskilin skilyrði. Fékk stefnandi á árinu 1984 heimild stjórnar til að vinna áfram að vörumerki. Stefnandi gerði nú sjálfur vörumerki, sem hann málaði á gafla verksmiðjuhússins. Stjórn VVV komst að samkomulagi við stefnanda um greiðslu á reikningi, sem stefnandi gaf út í þessu sambandi, og er vörumerki stefnanda nú notað sem auðkenni á framleiðsluvöru Kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar.

Nokkrum dögum áður en stefnandi hætti störfum sem framkvæmdastjóri VVV, ritaði hann grein, sem birtist 29. janúar í bæjarblaðinu Dagskrá. Fyrirsögn greinarinnar var: Heimaey án vörumerkis. Í greininni vék stefnandi að því, að stjórn VVV hefði ekki gengið lögformlega frá skráningu á vörumerki því, sem framleiðsluvara kertaverksmiðjunnar væri auðkennd með, en hann væri höfundur að merkinu. Stefnandi lýsti því síðan yfir í greininni, að þar sem hann teldi líkur á, að ef kertaverksmiðjan notaði merkið áfram, yrði sú notkun í öðru samhengi en hann hefði ætlast til og því hugsanlega höfundarheiðri hans til hnekkis, þá hefði hann ákveðið að heimila ekki frekari notkun merkisins. Í undirkafla, sem bar yfirskriftina

Greinargerð, gerði stefnandi í umræddri blaðagrein grein fyrir aðdraganda að því, að hann hefði ráðist í að gera vörumerkið, en hann hefði fljótt gert sér ljóst, að einn liður í því að ná árangri á markaði, sem væri yfirfullur að áliti stefnanda, væri að kynna stofnunina undir góðu merki. Oftlega kvaðst hann hafa gert stjórninni grein fyrir því, hve nauðsynlegt hann teldi vörumerkið vera. Orðrétt sagði stefnandi síðan í áður nefndri blaðagrein: „Fátt var um úrræði hjá hinni lánlausu stjórn sem endranær.“ Stefnandi kvaðst síðan hafa á elleftu stundu gripið til þess úrræðis að teikna merki, sem síðan hefði verið notast við með viðunandi árangri.

Í blaðagreininni gat stefnandi þess síðan, að stjórnin hefði ekki hirt um að gera við sig samning um framsal höfundarréttar að merkinu, eins og stefnandi orðaði það, eða skrásetja merkið. Stefnandi vék síðan að því, að hann teldi mega greina merki hnignunar hjá kertaverksmiðjunni, enda hefði öryrkjum verið sagt að vera heima fram á árið, sem væri nýbyrjað, en ekki væri hægt að sinna árvissri páskapöntun til Svíþjóðar, þar sem stjórnin hefði sagt fólkinu að vera heima. Í lok blaðagreinarinnar getur stefnandi þess, að um leið og hann hyrfi frá kertaverksmiðjunni, hyrfi með sér umgetið vörumerki.

Hinn 2. febrúar 1988 birtist í bæjarblaðinu Fréttum svargrein frá Arnmundi Þorbjörnssyni. Stefndi, Arnmundur, sem gefið hefur munnlega aðilaskýrslu fyrir réttinum, kvaðst hafa skrifað greinina, þar sem sér hefði fundist, að stjórnin þyrfti að svara grein Bjarna, enda hefði sér fundist á hana hallað í greininni. Hann kvaðst hafa ritað greinina að eigin frumkvæði, en ekki hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu annarra stjórnarmanna, eftir að greinin birtist. Hann sagði, að þegar stjórnin hefði samþykkt ráðningu Bjarna, hefði hann og fleiri stjórnarmenn haft uppi nokkrar efasemdir, og því hafi ekki verið greidd atkvæði um ráðningu hans. Það hafi verið þetta, sem hann hafi átt við, er hann ritaði í grein sinni: „Ég get sagt frá því núna, að það var engin sérstök hrifning hjá sumum, þegar við samþykktum ráðningu Bjarna“, en tók fram, að eftir að Bjarni hefði verið ráðinn, hefði hann reynt að styðja við bakið á honum. Hann sagði, að þar sem hann minntist á ríkissaksóknara í grein sinni og m. a. talaði um, að Bjarni kannaðist við þann stað, hefði hann haft í huga orð Bjarna sjálfs um, að hann væri í máli við tiltekna stofnun hér í bæ. Það, að hann minntist á ríkissaksóknara í þessu sambandi, stafaði af vanþekkingu sinni á réttarkerfinu. Hann hefði átt við bæjarþing, þar sem hann talaði um ríkissaksóknara.

Vitnið Sigurður Óskarsson, sem allt frá stofnun kertaverksmiðjunnar og fram til ársloka 1989 sat í stjórn VVV, ýmist sem aðal- eða varamaður, kvaðst telja grein stefnda í bæjarblaðinu Fréttum vera rétta, en tók fram, að það minntist þess ekki, að nokkur ágreiningur hefði verið um ráðningu

stefnanda, eins og fram kæmi í greininni, en ekki vildi vitnið samt fortaka fyrir, að svo hefði getað verið. Vitnið sagði, að þetta væri hið eina, sem það hefði út á grein stefnda á setja, og kvaðst vitnið telja, að að öðru leyti væri greinin rétt. Vitnið, Sigurður, kvaðst sjálft hafa á sínum tíma verið mjög hlynnt ráðningu stefnanda, en vitnið tók fram, að það hefði einnig verið samþykkt því, að stefnandi yrði látinn hætta. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, að eftir að stjórn VVV hefði verið búin að kaupa merkið af stefnanda, hefði það verið eign VVV; að öðrum kosti hefðu að mati vitnisins ekki þurft að fara fram nein kaup.

Stefnanda var gerður kostur á að gefa við aðalmeðferð munnlega aðilaskýrslu fyrir dóminum, en hann kaus ekki að nýta sér þann rétt.

III.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi telur, að grein Arnmundar sé ærumeiðandi fyrir sig og greinin sé í heild sinni ósvífin, móðgandi og sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi. Greinin sé rætin og staðreyndir affluttar. Aftur á móti örli hvergi á illfýsi í grein þeirri, er hann sjálfur ritaði og birtist í Dagskrá, þótt segja mætti, að vottaði fyrir stríðni á einstaka stað.

Stefndi telur aftur á móti, að ásakanir stefnanda séu algjörlega úr lausu lofti gripnar. Í málatilbúnaði stefnanda sé hvergi vikið að því, hver sé kveikjan að grein þeirri, sem stefnandi hafi ritað. Stefndi segir, að grein sín í Fréttum sé svargrein til að koma að leiðréttingu við grein stefnanda, en stefnandi hafi þar ómaklega vegið að stjórn VVV. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa vandað stjórninni kveðjurnar í blaðagrein sinni og vitnar sérstaklega til orðanna: „Fátt var um úrræði hjá hinni lánlausu stjórn.“ Stefndi segir, að varla sé það mikið, þótt stjórnin hafi viljað koma með leiðréttingu á þessu. Stefndi telur nauðsynlegt í þessu sambandi að lesa báðar greinarnar saman, dskj. 3 og dskj. 32, og í heild, og sjáist þá, að stefnandi hafi gefið stefnda fullt tilefni til varnargreinar, en stefndi hafi þá verið stjórnarmaður í VVV.

Um hin einstöku ummæli í blaðagrein stefnda segja málsaðilar þetta:
Um I,1.

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi og að í þeim felist aðdróttun, sem borin sé út gegn betri vitund. Fyrirliggjandi gögn renni alls ekki stoðum undir fullyrðingar stefnanda. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940.

Stefndi telur aftur á móti, að hér sé um sönn ummæli að ræða, en stjórnin hafi ekki þekkt deili á þeim tveimur umsækjendum öðrum, sem auk stefnanda voru eftir, er kaupði hafði verið kynnt. Ummælin séu á engan hátt meiðandi fyrir stefnanda.

Um I, 2.

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi og að í þeim felist aðdróttun, sem borin sé út gegn betri vitund. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi telur aftur á móti, að hér sé um sönn ummæli að ræða og í fullu samræmi við fyrirbyggjandi gögn, en ummælin séu á engan hátt meiðandi fyrir stefnanda.

Um I, 3.

Stefnandi telur, að í ummælum þessum felist órökstuddar dylgjur og að þau séu meiðandi og móðgandi fyrir sig og hin meiðandi ummæli séu borin út gegn betri vitund. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi telur hins vegar, að hér sé um sanna frásögn að ræða, án þess að nokkuð sé meiðandi fyrir stefnanda í því sambandi.

Um I, 4.

Stefnandi kveður stefnda hér staðhæfa gegn betri vitund, m. a. með hliðsjón af framburði stefnda í svonefndu vörumerkjamáli (máli nr. 9/1989, höfðuðu af stefnanda fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja), og telur stefnandi, að staðhæfing gegn betri vitund varði við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að áliti stefnda er hér ekkert athugavert við tilgreind ummæli, enda ljóst, að á umræddu tímabili hafi vörumerki það, sem stefnandi vísi til í ummælunum, verið til hjá kertaverksmiðjunni.

Um I, 5.

Stefnandi kveður hér vera um aðdróttun gegn betri vitund að ræða, sem hafi ærumeitt sig, móðgað og verið virðingu sinni til hnekkis. Ummælin kveður stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir, að hér sé um sönn ummæli að ræða og ekki í neinu hallað á stefnanda.

Um I, 6.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast ærumeiðandi og móðgandi aðdróttun, sem sé virðingu sinni til hnekkis og staðhæfð gegn betri vitund og varði því að áliti stefnanda við 234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveðst einfaldlega hafa hér verið að svara orðum stefnanda í greininni í Dagskrá. Ummælin séu því bein afleiðing af því, sem stefnandi sjálfur hafi sagt, og í engu hallað réttu máli, enda hafi það verið skoðun stefnda, að stefnandi hafi átt að sjá um að skrásetja vörumerkið, á meðan hann var framkvæmdastjóri kertaverksmiðjunnar.

Um I, 7.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast ærumeiðandi og móðgandi aðdróttun, sem sé virðingu sinni til hnekkis, enda hér látið að því liggja, að stefnandi sé haldinn skapgerðarrestum. Í ummælum felist staðhæfing gegn betri vitund. Að álitum stefnanda varða ummæli þessi við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi bendir á, að hér verði að lesa alla málsgreinina í heild sinni og að stefnandi hafi alls ekki mótmælt því, að þetta hafi gerst á sama hátt og stefndi einmitt lýsi.

UM I, 8.

Stefnandi kveður stefnda hér hafa uppi óþörf ummæli og að í þeim felist staðhæfing gegn betri vitund og varði því að álitum stefnanda við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að hér hafi hann verið að greina frá álitum stefnanda sjálfs og hvergi sé farið lengra en telja verði eðlileg viðbrögð manns, sem sé að svara fyrir sig.

Um I, 9.

Stefnandi segir, að í ummælunum felist móðgun, sem borin sé út gegn betri vitund og varði við 234., 235., og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður aftur á móti hér einungis vera um sanna frásögn af atburðum að ræða, án þess að nokkuð sé meiðandi fyrir stefnanda í tilvitnuðum ummælum. Stefndi segir það vera staðreynd, að framvísun stefnanda á reikningi upp á 120.000 krónur fyrir merkið hafi komið flatt upp á alla í stjórninni. Hér eigi það einnig við, að ekki hafi verið gengið lengra en telja megi eðlileg viðbrögð manns, sem sé að svara fyrir sig.

Um I, 10.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast móðgun, þau séu meiðandi fyrir sig og séu enn fremur borin út gegn betri vitund, og telur stefnandi þau varða við 234. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður hér vera að ræða um eðlileg viðbrögð manns, sem sé að svara fyrir sig, og hvergi gengið lengra en telja megi eðlilegt í því sambandi.

Um I, 11.

Stefnandi kveður þá staðhæfingu, sem í tilgreindum ummælum felist, ekki eiga við rök að styðjast og varði því við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að álitum stefnanda.

Stefndi kveður hér um algjöran misskilning að ræða, því að hér sé einfaldlega verið að tala um stjórnarmennina sjálfa.

Um I, 12.

Stefnandi kveður það sama gilda hér og sagt hafi verið um ummæli, tilgreind í I, 11, því að sú staðhæfing, sem í tilgreindum ummælum felist,

eigi ekki við rök að styðjast og varði því að álitni stefnanda við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður hér vera um að ræða hugleiðingar sjálfs sín og alls ekki sé vikið einu orði að stefnanda í tilgreindum ummælum.

Um I, 13.

Stefnandi segir, að í þessu sambandi verði á það að líta, að kvörtun Sonju hafi verið minni háttar og hún hvorki krafið um skaðabætur né aðra ógallaða vöru. Stefnandi kveður ummælin vera ærumeiðandi fyrir sig og að í þeim felist móðgandi aðdróttanir, sem séu virðingu sinni til hnekkis, og einnig sé um að ræða staðhæfingu gegn betri vitund, og varði því ummælin að álitni stefnanda við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir, að ekkert sé meiðandi í þessum ummælum, en þau séu hins vegar í fullu samræmi við það, sem fram komi í dskj. 21. Ummælin séu sönn og réttmæt og sögð að gefnu tilefni stefnanda í grein hans í blaðinu Dagskrá.

Um I, 14.

Stefnandi vísar hér til þess, sem hann hafi sagt um I, 13, og telur, að tilgreind ummæli séu refsiverð samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi vísar til þess, sem hann hafi sagt um ummæli í I, 13.

Um I, 15.

Stefnandi segir, að samhengið skipti hér ekki máli, heldur sé hér farið með ósatt mál. Ummælin séu refsiverð samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að tilgreind orð séu af stefnanda slitin úr samhengi við upphafsmálgreinina, sem vísi til orða stefnanda í greininni í Dagskrá um hina lánlausu stjórn. Tilefni ummælanna sé því bersýnilega gefið af stefnanda og geti í þessu sambandi ekki talist móðgandi, heldur sögð að gefnu tilefni.

Um I, 16.

Stefnandi segir, að hér hljóti stefndi að hafa ruglast, en hvað sem því líði, séu tilvitnuð ummæli og sú staðhæfing, sem í þeim felist, virðingu sinni til hnekkis og sögð og borin út gegn betri vitund, og að álitni stefnanda varða þau við 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir hins vegar, að tilgreind orð séu hér, einnig af stefnanda, slitin úr sambandi meginmáls, en þau séu hins vegar sönn frásögn stefnda af framkomu stefnanda á vinnustað stefnda og í engu farið lengra en stefnandi hafi gefið tilefni til.

Um I, 17.

Stefnandi segir, að tilvitnuð ummæli séu meiðandi fyrir sig, því að með ummælunum sé beinlinis dróttað að sér opinberlega, að hann sé kunnugur

hjá ríkissaksóknara og þar með sakamaður. Þetta sé að sjálfsögðu ósatt, enda sýni sakavottorð, dskj. 23. það glögglega, að svo sé ekki. Að dróttu slíkum sakaráburði að manni gegn betri vitund sé í senn ærumeiðandi og móðgandi og virðingu þess, sem fyrir verður, til hnekkis. Að áliti stefnanda varðar þetta við 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 238. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að hið sama eigi hér einnig við og getið var um í I, 15, og að tilgreind orð í þessum tölulið séu slitin úr sambandi meginmáls. Aftur á móti sé það á misskilningi byggt, að þótt menn mæti hjá ríkissaksóknara, þurfi það endilega að vera meiðandi. Svo sé alls ekki. Stefndi hafi hér einungis verið að vísa til þess, sem stefnandi hafi sjálfur sagt, en stefnandi hafi á umræddu tímabili ekki leynt einn eða neinn því, að hann stæði í málaferlum.

Að því er varðar kröfu um ómerkingu ummæla, vísar stefnandi til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og til 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940 varðandi kröfu um kostnað við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendu, í opinberu blaði, einu eða fleirum. Um kröfu um miskabætur vísar stefnandi til 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940 og kveðst höfða málið samkvæmt heimild í 1. mgr., 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en að öðru leyti á grundvelli laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Um málatilbúnað að öðru leyti vísar stefnandi til Hrd. 1977, 380.

Stefndi segir, að engin stoð sé fyrir því hjá stefnanda að heimfæra tilvitnuð ummæli til refsíákvæða, enda séu þau ekki refsiverð og ekki heldur ámælisverð, því að þau feli í reynd ekki í sér neinar ærumeiðingar um stefnanda. Að áliti stefnda beri einnig á það að líta, að þótt í varnargrein stefnda hefðu verið viðhöfð einhver þau ummæli, sem stefnandi hefði getað tekið sem meiðandi fyrir sig, þá sé hér allt satt, sem stefndi segi, en það leiði til sýknu. Vísar stefndi til kaflans um sannindi ummæla í doktorsritgerð Gunnars Thoroddsen: Fjölmæli, bls. 202-203. Þá bendir stefndi á, að „retortio“-sjónarmið leiði til þess, að sýkna beri, en meginröksemd stefnda fyrir sýknu er studd því, að sök í málinu sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem ekki liggi þyngri refsing við ætluðum brotum en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður sá, sem höfða vill einkarefsímál, að gera það, áður en sex mánuðir eru liðnir, frá því að hann fékk vitneskju um hinn seka. Grein stefnda, sem stefnandi rekur hin ætluðu refsiverðu ummæli til, birtist 2. febrúar

1988 í 15. árg., 8. tbl., blaðsins Frétta. Gegn stefnda höfðar stefnandi mál sitt hér fyrir dómnum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990. Heimild stefnanda til að höfða einkamál til refsingar út af ætluðum meiðyrðum stefnda var því löngu liðin, er stefnandi höfðar mál sitt, enda rúm tvö ár liðin, frá því að framangreind ummæli birtust opinberlega í blaðinu Fréttum og þar til stefnda var birt stefna í máli þessu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í máli þessu. Af þessu leiðir, að sú málsástæða stefnda, að sök sé fyrnd samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 81. gr. laga 19/1940, kemur einungis lítillaga til álita.

Þótt málsóknarréttur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga sé því fyrndur, þykir það ekki hafa nein áhrif á rétt stefnanda til að krefjast ómerkingar á tilvitnuðum ummælum stefnda í nefndri blaðagrein. Enn fremur þykir heimilt, sbr. 2. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, að fjalla efnislega um miskabótakröfu stefnanda. Niðurstaða kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 ræðst einkum af því, hvort í hinum tilgreindu ummælum felist ærumeiðandi aðdróttun að stefnanda, en einnig af því, hvort stefnandi sakir athafnaleysis hefur misst rétt sinn til að fá slíka kröfu dæmda. Með hliðsjón af þessu verður því fjallað efnislega um hver einstök tilgreind ummæli.

Ummæli í I, 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 16 varða eigi við hegningarlög. Afstaða til annarra tilgreindra ummæla verður tekin m. a. með hliðsjón af því, hvort stefnandi gaf stefnda með grein sinni í Dagskrá tilefni til andsvara og rétt til að viðhafa tilgreind ummæli í svargrein sinni.

Ummæli í I, 3 hafa í rekstri málsins verið skýrð af stefnda, og gengur stefndi í þeim í engu lengra en stefnandi hafði gert, er hann gagnrýndi stjórn VVV í grein sinni í Dagskrá.

Ummæli I, 15 orka vissulega verulega tvímælis, enda ljóst, að um fleiri umsækjendur var að ræða en stefnda. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi með grein sinni í Dagskrá gefið stefnda og öðrum stjórnarmönnum fullt tilefni til að útskýra opinberlega, við hvaða lánleysi stjórnin taldi sig búa. Ummælin verða því eigi talin ærumeiðandi.

Ummæli í I, 17 hafa ekki verið réttlætt af stefnda, en með þeim gefur stefndi í skyn, að stefnandi sé þekktur hjá rikissaksóknara. Ummælin og sú staðhæfing, sem í þeim er fólgin, eru tilhæfulaus, órökstudd og óviðurkvæmleg svigurmæli, sem varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekki þykir nægilega sannað, að stefndi hafi í þessu sambandi haft í huga, að stefnandi, sem hefur hreint sakavottorð, hlaut á árinu 1964 dóm fyrir óverulegt brot á lögum um bann við botnvörpuveiðum, en stefnanda var árið eftir veitt uppgjöf sakar af forseta Íslands, og féllu þá strax niður

öll áhrif sakfellingardómsins. Hin átöldu ummæli verða því ekki einnig heimfærð undir 2. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrning málsóknarréttar og hugsanleg fyrning sakar hefur engin áhrif á það, að ómerkja ber ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sök samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga fyrnist samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940 á tveimur árum. Er stefnandi höfðaði mál sitt hér fyrir réttinum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, var fullur fyrningarfrestur liðinn. Sök var því fyrnd samkvæmt téðri lagagrein, en hin átöldu ummæli viðhafði stefndi í blaðinu Fréttum 2. febrúar 1988, eins og að framan greinir.

Með stefnu, birtri í byrjun desember 1988, höfðaði stefnandi mál hér fyrir réttinum á hendur tólf þar nafngreindum einstaklingum, en þeirra á meðal var stefndi. Með dómi, upp kveðnum 21. apríl 1989, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 8. júní 1989, vísaði dómariinn máli þessu frá dómi. Með því að ummæli stefnda í tilvitnaðri blaðagrein, sem stefnandi krefst í máli því, sem hér er til úrlausnar, að verði áttalin, eru önnur og fleiri en um gat í málinu, sem stefnandi höfðaði í lok árs 1988, er ekki unnt að líta svo á, að stefnandi hafi, er fyrningarfrestur er nú í máli þessu metinn, rofið fyrningu, er hann höfðaði fyrra málið. Stefnubirting í meiðyrðamálinu frá því í desember 1988 breytir því á engan hátt þeirri niðurstöðu, sem um getur í næstu málsgrein hér að framan, að sök samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940 sé fyrnd. Stefnandi á því ekki rétt á að fá dæmdan kostnað vegna birtingar á hinum óviðurkvæmilegu ummælum, enda verður að telja það vera skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, að um ófyrnda sök sé að ræða.

Með því að fallast má á það með stefnanda, að ummæli þau, sem um getur í I, 17, á viðkvæmum tímamótum í lífi stefnanda, hafi verið til þess fallin að rýra hann í álti, þykir mega dæma stefnda að kröfu stefnanda til að greiða stefnanda miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja bæturnar, þegar öll atvik málsins eru virt, hæfilega ákveðnar 10.000 krónur og bera hæstu innlánsvesti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. febr. 1990 til greiðsludags.

Málkostnaður skal niður falla.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, kt. 180422-2779, skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda, Bjarna Jónassonar, kt. 041037-4909, í máli þessu.

Ummæli, sem tilgreind eru í lið I, 17, eru dæmd dauð og ómerk, og greiði stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, stefnanda, Bjarna Jónas-

syni, 10.000 krónur í miskabætur með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. febrúar 1990 til greiðsludags.

Stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dómsins.

Málskostnaður fellur niður.
